

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veioðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



Dags eftirlits	6.5.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Veioðifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Móeiðarhvoll 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Ólafsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Prettán frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl. 2) Grænu bókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl. 3) Ekki voru lekabyttur undir formalín tunnu og maurasýru tunnu. 4) Breyting á tengilið var ekki tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar. 5) Neyðaráætlun var ekki til staðar. 6) Það var kominn nýr rekstraraðili, ekki var búið að sækja um handahafabreytingu á starfsleyfinu til Umhverfis og orkustofnunar. 7) Óflokkað rusl er á svæðinu og liggur fyrir framan stöðina. 8) Munur á sýrustigi frá inntaki og í útrás var yfir mörkum starsleyfis. 9) Ammóníak var yfir mörkum í sýnatöku sem framkvæmd var 10. júní 2024. 10) Ammóníak var yfir mörkum í sýnatöku sem var framkvæmd við hæsta lífmassa, 24. maí 2024. 11) Ekki er hægt að reikna heildalosun á fosfór og nitri. 12) Ársframleiðsla er yfir leyfilegum mörkum starsleyfis. 13) Fosfórslosun er yfir leyfilegum mörkum starsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til seiðaðeids á laxfiskum að Eyjarlandi. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
4. Eftirlitsmælingar og skráningar
5. Áætlanir og viðbrögð
6. Umgengni og aðkoma lóðar
7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
8. Fylgiskjöl

1. Sex frávik komu fram í eftirliti árið 2024: 1) Rekstraraðili var ekki með umhverfismarkmið, þeim var skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar 25. september 2024 og telst því frávikinu lokað. 2) Ársyfirliti var skilað inn með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 23. júlí 2024 og telst því frávikinu lokað. 3) Ekki voru til skráningar með staðfestingu á þjálfun starfsmanna og því voru skráningar ekki fullnægjandi. Í eftirlitinu á þessu ári voru skráningar komnar í lag og er því frávikinu lokað. 4) Engar mælingar voru teknar árið 2023, rekstraraðili framkvæmdi tvær mælingar fyrir árið 2024 og telst því frávikinu lokað. 5) Fosfór reiknaðist 9,7 kg P/tonn út frá fóðri og eru mörkin 7 kg P/tonn. Í úrbótaáætlun kemur fram að hreinsun hafi verið endurbætt með niðurstöðu á setbrunni í maí árið 2023. Umhverfisstofnun fellst á úrbæturnar með fyrirvara um að niðurstöður sýnataka á fosfór sýni að hreinsunin hafi fullnægjandi áhrif og verði undir mörkum starsleyfis.

Fylgst verður með losun árið 2024, þar sem engar sýnatökur voru teknar árið 2023 til að styðja virkni setbrunnins. 6) Áætlun um meðhöndlun úrgangs var ekki til staðar. Áætlunin barst Umhverfis- og orkustofnun 25. september 2024 og er frávikinu því lokað.

2. Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ársyfirliti og grænu bókhaldi fyrir árið 2024 hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar. Ársyfirliti var skilað inn 27. maí sl og er því frávikinu lokað. Ársframleiðsla fyrir árið 2024 var 22,4 tonn sem er yfir mörkum starsleyfis sem eru 20 tonn í ársframleiðslu og er því frávik.

4. Ekki er hægt að reikna út heildarlosun á fosfór og nitri fyrr en búið er að skila inn gögnum og er það því frávik frá grein 4.1 í starfsleyfi. Gögnum var skilað 27. maí sl og er því frávikinu lokað. Fosfórslosunin reiknaðist 8,5 kg

- P/tonn og er yfir mörkum starfsleyfis sem er 7,0 kg P/tonn, og er því frávik.
- Sýnatökur úr frárennsli fyrir hámarks og lágmarkslífmassa voru teknar árið 2024. Munur á sýrustigi frá inntaki og útrás var 1,1 pH í sýnatöku sem var framkvæmd 24. maí 2024 sem er yfir mörkum starfsleyfis samkvæmt gr. 3.4 þar sem munur á sýrustigi í inntaki og útrás má ekki vera meiri en 0,5 pH, er það því frávik. Ammóníak mældist 0,20 mg/L í sýnatöku sem var framkvæmd 24. maí 2024 í hæsta lífmassa, sem er frávik frá grein 3.4 í starfsleyfinu þar sem leyfileg mörk eru 0,025 mg/L. Ammóníak mældist einnig of hátt í sýnatöku sem var tekin í lágmarkslífmassa eða 0,15 mg/L, sem er frávik.
5. Áætlun um frágang vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrastöðvunnar var til staðar, og áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs. Neyðaráætlun var ekki til staðar og er það því frávik.
6. Töluvert af rusli liggur á lóðinni sem þarf að farga á viðeigandi hátt og er þetta því frávik. Rekstraraðila er bent á að hafa umhverfið í kringum sig snyrtilegt. Mikið af lífrænum efnum er í settjörnninni. Beðið er eftir gögnum um tæmingu á henni og hreinsun. Stöðin lítur vel út að innan.
7. Efnaskápur með lekabyttum er til staðar og notaður fyrir 20 l brúsa og minni einingar. Tvær 200 lítra tunnur voru hliðina á skápnunum, önnur innihélt maurasýru og hin formalín. Hvorug þeirra var með lekabyttu og telst það því frávik.
8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olíuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.1. í starfsleyfi.	Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu. Tilkynning um nýjar eigendur, nýtt nafn og kennitölu barst 7. maí sl. Sótt var um handhafabreytingu 28. maí og telst því frávikin lokað.
gr. 1.5 í starfsleyfi.	Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri seiðaeldis í stöðinni. Neyðaráætlun var ekki til staðar.
gr. 2.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum. Umhverfis- og orkustofnun fékk ekki tilkynningu um breyttan tengilið fyrr en 7. maí sl. og telst því frávikin lokað.
gr. 2.3 í starfsleyfi	Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Töluvert er af rusli er á lóðinni sem þarf að fjarlægja og farga á viðeigandi hátt.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Mismunur á sýrustigi í innrennsli og frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 24.05.2024.
gr. 3.4 í starfsleyfi.	Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 10.6.2024.

gr. 3.4 í starfsleyfi.	Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 24.05.2024.
gr. 3.11 í starfsleyfi.	Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Tvær 200 lítra tunnur, ein með maurasýru hin með formalíni voru án lekabyttu.
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlitinu var skilað inn til Umhverfis og orkustofnunar 27. maí sl. og telst því frávikin lokað.
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.
gr 4.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila útreikningum vegna fosfórs og niturlosunar í frárennsli. Enginn gögn hafa skilað sér til Umhverfis og orkustofnunar svo hægt sé að reikna út losunina. Gögnin skiluðu sér 27. maí sl. og telst því frávikin lokað.
gr 1.2 í starfsleyfi	Starfsleyfið tekur til eldis með 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og að hámarki 20 tonna ársframleiðslu. Ársframleiðslan var 22,4 tonn og er það því frávik.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Losun á fosfór má ekki fara yfir 7,0 kg P/tonn af lífmassa. Losunin reiknaðist 8,5 kg P/tonn og er því frávik.

ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Þegar sýnataka úr frárennslinu er framkvæmd þá skal bæði taka sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks og lágmarkssýnatökunni. 2) Rekstraraðila var bent á að uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun. 3) Mikið var af lífrænum efnum er í settjörnninni. Rekstraraðila var bent á að tæma hana reglulega svo hún virki sem hreinsibúnaður.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2025

Auður Eyberg Helgadóttir